

Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, 850 Hella



Lífeyrissjóður
Rangæinga

Ársfundur 2018 v. 2017

Fundargerð

Fundarstaður : Stracta Hótel, Hella.

Fundartími : Þriðjudagur 15. maí 2018, kl. 20.00.

Guðrún Elín Pálsdóttir formaður stjórnar, bauð fundarmenn velkomna og setti fund formlega. Tillaga borin upp um að Óskar Pálsson taki að sér fundarstjórn og að Unnur Elín Jónsdóttir riti fundargerð. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Mætt: Heimir Hafsteinsson stjórnarmaður, Óskar Pálsson stjórnarmaður, Eydís Þ. Indriðadóttir stjórnarmaður, Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Guðrún Elín Pálsdóttir stjórnarmaður, Guðmundur Einarsson endurskoðunarnefndarmaður, Árni Þorgilsson endurskoðunarnefndarmaður, Már Guðnason, Kristján Pálmason, Ólafur Gylfason, Árni Baldursson, Pálína Árnadóttir endurskoðandi, Haraldur Yngvi Pétursson sjóðstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir.

Gengið til dagskrár. Óskar stýrir fundi.

Fundarefni:

1. Skýrsla stjórnar

Guðrún Elín Pálsdóttir flutti skýrslu stjórnar. Guðrún sagði að hrein eign sjóðsins í árslok 2017 til greiðslu lífeyris næmi 11.234,7 milljónir kr. og hækkaði frá fyrra ári um 1.123,3 milljónir kr. eða um 11%. Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í árslok 2017 var 10.478. Alls greiddu að meðaltali 999 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu en var að meðaltali 937 árið 2016.

Iðgjöld á árinu 2017 námu alls um 627,8 millj.kr. og hækkuðu um 19,7% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur ársins námu um 279,9 millj.kr., sem er 10,4% aukning frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 676 árinu en voru 633 árið 2016.

1

Rekstrarkostnaður ársins nam 29,6 millj.kr., sem er um 4,7% af iðgjaldatekjum ársins og ef miðað er við hreina eign til greiðslu lífeyris þá er hlutfall rekstrarkostnaðar um 0,26% sem er sama kostnaðarhlutfall og hefur verið á undanförunum árum.

Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2017 var 5,71% samanborið við 0,07% raunávöxtun 2016 og miðað við samræmda matsaðferð. Eignir sjóðsins í erlendri mynt hafa aukist nokkuð á undanförunum árum og eru nú 11,28% af heildareignum sjóðsins. Gjaldyrishöftum hefur nú verið aflétt og hefur stjórn markað þá stefnu að auka vægi erlendra eigna í sínu eignasafni með jöfnum skrefum.

Stjórn sjóðsins fundaði með formlegum hætti alls 13 sinnum á starfsárinu, þar af voru 2 fundir haldnir í Reykjavík.

Þann 1. júlí 2017 tók gildi heimild til launþega á samningssviði ASÍ og SA um að ráðstafa hluta af iðgjaldi í lífeyrissjóð til öflunar réttinda í séreign, svokallaða tilgreinda séreign til aðgreiningar frá annarri séreign eða viðbótarsparnaði. Gerður var samstarfssamningur við Frjálsa lífeyrissjóðinn um að þjónusta þá sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Rangæinga sem kjósa að ráðstafa hluta iðgjalds í tilgreinda séreign.

Á árinu tóku gildi breytingar á lögum um lífeyrissjóði er varða fjárfestingarheimildir, siðferðileg viðmið í fjárfestingum og breytingar á tilhögun áhættustýringar með ráðningu áhættustjóra. Ábyrgðaraðili áhættustýringar eða áhættustjóri ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu.

Almennt hefur starfsemi og rekstur sjóðsins gengið vel á liðnu ári. Innri endurskoðun Arion banka hefur tekið út starfsemi sjóðsins á árinu 2017 og er staða sjóðsins í meginatriðum góð.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2017 liggur fyrir. Tryggingafræðileg staða sjóðsins lagast nú á milli ára. Munar þar helst um góða ávöxtun ársins, aukin iðgjöld og fjölgun sjóðfélaga.

2. Kynning ársreiknings

Pröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram ársreikning ársins 2017 og **Pálína Árnadóttir** kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu niðurstöður.



Helstu niðurstöður eru í þús. kr. :

Iðgjöld	627.793
Lífeyrir	275.083
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	838
Fjárfestingartekjur	804.941
Fjárfestingargjöld	37.237
Rekstrarkostnaður	29.567
Breyting á hreinni eign á árinu	1.123.284
Hrein eign frá fyrra ári	10.111.389
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	11.234.673

Pálína fór yfir rekstur sjóðsins, efnahag og sjóðstreymi ársins og helstu breytingar á milli áráanna 2017 og 2016 svo sem útgreiðslur, innborguð iðgjöld, kaup á verðbréfum og aðrar fjárfestingar. Pálína sagði fjölgun greiðandi sjóðfélaga á milli ára og hækkingu mótframlags hafi leitt til að iðgjöld sjóðsins hækkuðu um 20% á milli ára. Viðsnúningur var í fjárfestingartekjum á árinu fyrst og fremst vegna betri ávöxtunar á hlutdeildarskírteinum auk þess að arðgreiðslur hækka á milli ára. Pálína sagði frá hækkingu kostnaðar við endurskoðun, frá fyrra ári, vegna umfangs mikilla breytinga á reglum um reikningsskil og að umfang reikningsins jókst verulega á milli ára vegna þessa. Eftirlitsgjald FME hækkaði einnig milli ára.

Ávöxtun sjóðsins var ágæt á árinu 2017 eða um 5,7%. Meðaltal ávöxtunar síðustu 5 ára var 4,1%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins breytist til batnaðar á milli ára. Áfallnar skuldbindingar umfram eignir nema 7,3%, framtíðarstaða var 2,9% þ.e. eignir umfram skuldbindingar og heildarstaða er neikvæð um 2,4%, þ.e. heildarskuldbindingar eru umfram heildareignir sem þessu nemur.

Pálína benti að lokum á áritun sýna á ársreikningi Lífeyrissjóðs Rangæinga 2017.

Umræður urðu um skýrslu stjórnar og reikning.

Rætt var um þróun lífeyrisgreiðslna og sérstaklega örorkulífeyris, hlutfall örorkulífeyris hækkar nú á milli ára.

Ekki var um frekari umræður að ræða.

3


Fundarstjóri bar ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

Haraldur Yngvi Pétursson fór yfir þróun markaða á árinu 2017 í samanburði við árið 2016. Hann fór yfir meðaltal raunávöxtunar m.v. árslok 2017. Haraldur fór yfir ávöxtun ársins 2017 séð frá sjónarhóli eignastýringar, nafnávöxtun var 7,3% en raunávöxtun var 5,4%. Haraldur fór yfir sundurbrot ávöxtunar á milli eignarflokka. Innlend skuldabréf gáfu mestan hluta ávöxtunar á síðasta ári. Haraldur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins og helstu fjárfestingar ársins 2017. Að lokum fór Haraldur yfir þróun markaða það sem af er ári 2018.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

Þröstur Sigurðsson gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt ársins 2017. Reglugerð nr. 391/1998 kveður á um að stjórn lífeyrissjóðs skuli árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Tryggingafræðileg athugun gengur út á að verðleggja þær tryggingar sem sjóðurinn er búinn að gefa út þ.e. réttindi sjóðfélaga og bera saman við verðmæti eigna sjóðsins á sama tímapunkti.

Þröstur fór yfir forsendur úttektarinnar. Helstu forsendur eru frá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. Hvað varðar lífslíkur þá er horft til reynslu á Íslandi árin 2010-2014, aðgreint fyrir karla og konur. Örorkulíkur eru miðaðar við meðaltal íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002, sömuleiðis aðgreint fyrir karla og konur. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam heildarlífeyrisskuldbinding Lífeyrissjóðs Rangæinga 19.896,3 milljónum kr. í árslok 2017, miðað við 3,5% ársvexti. Hrein eign sjóðsins í árslok 2017, að teknu tilliti til endurmats eigna og áætlaðs kostnaðar í bráð og lengd var 19.416,7 milljónir kr. eða 479,5 milljónum lægri eða sem nemur -2,4%. Áfallnar skuldbindingar ársins eru 10.375,9 milljónir kr. og eru þær hærri en núverandi eignir á móti sem nemur 752,3 milljónum kr. eða -7,3%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnar verulega milli ára. Þröstur sagði að skýringar væru fyrst og fremst góð ávöxtun ársins, fjölgun sjóðfélaga og hækkun iðgjalda.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tryggingafræðilega úttekt. Enginn kvaddi sér hljóðs.

4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Haraldur Yngvi Pétursson gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Hann fór yfir nýja framsetningu á flokkun verðbréfa samkvæmt nýju formi FME. Hann sagði ekki um miklar breytingar að ræða á milli ára. Markmið sjóðsins um eign í erlendum eignum jókst á milli ára.

Stefnt er að því að vera með 10% eignarhlutfall í erlendum hlutabréfum. Stjórn hefur haft það að markmiði um langt skeið að auka vægi erlendra eigna í jöfnum skrefum.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárfestingastefnu sjóðsins. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Kaffihlé var nú gert í 10 mínútur.

5. Stjórnarkjör, samkvæmt grein 4.1 í samþykktum sjóðsins

Framkvæmdastjóri sagði frá því að Samtök atvinnulífsins (SA) hafi á síðasta ársfundi sjóðsins skipað Eydísi Þ. Indriðadóttur sem aðalmann til ársfundar 2019.

Óskar Pálsson er nú skipaður af hálfu SA sem aðalmaður í stjórn sjóðsins til ársfundar 2020 og Drífa Hjartardóttir er skipuð sem varamaður í stjórn til sama tíma.

Frá Verkalýðsfélagi Suðurlands (Vlfs) var á síðasta ársfundi kjörin Guðrún Elín Pálsdóttir sem aðalmaður í stjórn til ársfundar 2019. Sömuleiðis var Pétur Magnússon kosinn varamaður til sama tíma.

Nú liggur fyrri tillaga frá Félagi iðn-og tæknigreina (Fit) um að Heimir Hafsteinsson verði kosinn sem aðalmaður í stjórn til ársfundar 2020.

Aðrar tillögur um kjör til stjórnar bárust ekki. Fundarstjóri bar upp tillöguna til samþykktar eða synjunar.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Már Guðnason tók til máls, hann spurði út í vinnureglu Fit og Vlfs varðandi skipan stjórnar og hvort að Heimir er þá á undanþágu um þá reglu sem gildir hjá félögunum um mismunandi fjölda stjórnarmanna milli ára. Guðrún Elín svaraði því til að ekki hefði verið unnið samkvæmt þessari reglu nú, skipan stjórnar sjóðsins byggir á samþykktum sjóðsins sem kveður á um tveggja ára kjörtímabil stjórnarmanna. Aðildarfélögin munu ræða frekar um vægi hvors félags til kjörs stjórnar í framhaldinu og endurskoða vinnureglur hvað þetta varðar.

Þröstur greindi frá því að í ljósi breyttra samþykpta, frá síðasta ársfundi, þá eru varamenn stjórnar nú 2. Varamenn voru formlega 4 samkvæmt eldri samþykktum en virkir 3 varamenn á

síðasta ári. Ólafía B. Ásbjörnsdóttir (Fit) hefur verið varamaður stjórnar en er ekki í kjöri nú. Henni eru þökkuð sín störf fyrir sjóðinn a.m.k. að sinni.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Þröstur Sigurðsson fór yfir tillögur á samþykktu breytingum Lífeyrissjóðs Rangæinga. Tillögurnar voru sendar aðildarfélögunum til kynningar auk þess að liggja frammi á skrifstofu sjóðsins fyrir sjóðfélaga. Breytingarnar eru í tengslum við nýjan kost sem á að bjóða upp á sem gerir sjóðfélögum kleift að fara á hálfan lífeyri, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Samhliða þessu þarf að uppfæra réttindatöflur og seinkunarstuðla. Um er að ræða breytingar á greinum 11.1 og 11.2 auk þess sem að við bætast nýjar greinar númer 11.8 og 11.9. Sjá tillögurnar hér neðan við, breytingar hér eru merktar bláar:

Samþykktir : Lífeyrissjóðs Rangæinga

11. Ellilífeyrir.

11.1. Sjóðfélagi á aldrinum 62 til 80 ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 10. grein, á rétt á ævilöngum ellilífeyri. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 67 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I.

11.2. Sjóðfélagi sem er orðinn 67 ára getur frestað töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 67 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 67 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.

Ný grein.

11.8. Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku hálfes ellilífeyris hvenær sem er eftir að 62 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. grein 11.4. Ákvæði 11.3 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur. Ákvæði 11.2 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð.

Ný grein.

11.9. Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæða 11.3. og 11.2. í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða 11.3. og 11.2. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði 11.4.

Breytingarnar eru í samræmi við samþykkt lög nr. 116/2016, er varða breytingu á lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar. Fjallar um möguleikann á að taka út hálfan lífeyri auk þess að heimila frestun á töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun mánaðarlegra greiðslna.



Fundarstjóri opnaði á umræður um tillögurnar, enginn tók til máls. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að bera upp tillögurnar saman, engar athugasemdir komu fram. Tillögurnar til breytinga á samþykktum sjóðsins voru nú bornar upp til samþykktar eða synjunar.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Nýjar samþykktir munu verða sendar til Fjármála- og efnahagsráðuneytis til staðfestingar og taka gildi að því loknu.

7. Laun stjórnarmanna

Pröstur kynnti tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna fyrir tímabilið júní 2018 til og með maí 2019. Almenn stjórnarlaun verði kr. 85.600 á mánuði. Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. 107.000 á mánuði. Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. 128.400 á mánuði. Um er að ræða 7% hækkun í samræmi við hækkun á launavísitölu.

Varamaður stjórnar fær kr. 42.800 fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu þó að lágmarki vera samsvarandi 1 x mánaðarlaunum almenns stjórnarmanns.

Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundi eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja vegna stjórnarsetu sinnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.


Tillagan var samþykkt samhljóða

8. Kjör endurskoðanda

Pröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar. Að fengnu álitni endurskoðunarnefndar sjóðsins, er það tillaga stjórnar að Pálína Árnadóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., verði endurskoðandi sjóðsins árið 2018.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

7


9. Önnur mál

Enginn kvaddi sér hljóðs.


Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til handa fundarstjóra og ritara að fá að ganga frá fundargerðinni eftir á og senda út þegar hún er tilbúin. Fundargerðin verður líka birt og vistuð á heimasíðu sjóðsins.

Fundurinn gaf starfsmönnum fundarins heimild til að ganga frá fundargerðinni.

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 21:30.

Fundarritari:



Unnur Elín Jónsdóttir

Fundarstjóri:



Óskar Pálsson